

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 10. desember 2020

Mál nr. E-1813/2018:

Viðar Birgisson

(Helgi Birgisson lögmaður)

gegn

Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, B-deild og íslenska ríkinu

(Pórey Sigríður Þórðardóttir lögmaður, Einar K. Hallvarðsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 13. nóvember 2020 höfðaði Viðar Birgisson, [...], hinn 5. júní 2018, á hendur Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, B-deild (hér eftir LSR), [...], og íslenska ríkinu, [...].

Stefnandi gerir eftirfarandi dómkröfur á hendur stefnda LSR:

A) að ógilt verði sú ákvörðun stjórnar stefnda að miða fjárhæð iðgjalda stefnanda í lífeyrissjóðinn við laun starfsmanns í móttöku utanríkisráðuneytisins og

B) að viðurkennt verði með dómi að við ákvörðun lífeyrissjóðsiðgjalda stefnanda beri að miðað við raunveruleg grunnlaun hans sem starfsmanns sendiráðs Íslands í Kaupmannahöfn.

Stefnandi gerir þá kröfu á hendur íslenska ríkinu að því verði gert að þola dóm um kröfur hans á hendur stefnda LSR.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu sameiginlega (in solidum), eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndu krefjast hvor fyrir sig sýknu af öllum dómkröfum stefnanda og málskostnaðar.

Málið var áður dómtekið 28. mars 2019 og dæmt 7. maí s.á., en með úrskurði Landsréttar í máli 394/2019, uppkveðnum 24. janúar 2020, var dómur héraðsdóms ómerktur og málinu vísað heim í hérað til aðalmeðferðar og dómsálagningar að nýju, þar sem láðst hafði að taka í dóminum afstöðu til kröfu stefnanda um ákvörðun gjafsóknarþóknunar og ekki stóðu heimildir til þess að leiðrétta dóminn eftir uppsögu hans samkvæmt 2. málslíð 3. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991.

Með úrskurði, uppkveðnum 10. mars 2020, var kröfu stefnanda um að dómari viki sæti í málinu hafnað. Var sá úrskurður staðfestur með úrskurði Landsréttar 16. apríl 2020 í máli nr. 177/2020.

I

Málsatvik

Helstu málsatvik eru óumdeild. Stefnandi hefur starfað við íslenska sendiráðið í Kaupmannahöfn frá árinu 1988, er hann var ráðinn sem bifreiðastjóri sendiherra. Var þá gerður við hann skriflegur ráðningarsamningur, 27. apríl 1988, þar sem kveðið var á um að laun hans væru ákveðin af utanríkisráðuneytinu sem tiltekin fjárhæð á mánuði í dönskum krónum. Þá var þar tekið fram að stefnandi mætti gerast aðili að stefnda LSR og að iðgjöld hans til sjóðsins væru „þau sömu og bifreiðastjóra utanríkisráðuneytisins“.

Stefnandi kveður starfsskyldur sínar hafa breyst í áranna rás. Hinn 17. desember 2010 var gerður við hann nýr ráðningarsamningur þar sem hann var ráðinn til almennra starfa hjá sendiráðinu frá 1. janúar 2011. Var þar kveðið á um að hann nyti tiltekinna mánaðarlauna í dönskum krónum og að „lífeyrisgreiðslur“ skyldu aðilar inna af hendi „samkvæmt almennum reglum til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins þar sem starfsmaður er sjóðfélagi“.

Í málinu er deilt um það hvort miða beri iðgjaldagreiðslur vegna stefnanda í stefnda LSR við „raunveruleg grunnlaun hans“, eða nota annað og lægra viðmið. Stefnandi kveðst um árabil hafa gert athugasemdir við að þau iðgjöld sem greidd séu til sjóðsins vegna hans séu of lág, þar sem þau taki ekki mið af raunverulegum launum hans við sendiráðið.

Með bréfi, dags. 9. desember 2013, fór lögmaður stefnanda þess á leit að stjórn stefnda LSR gæfi „álit sitt á því hver skuli vera viðmiðunarmánaðarlaun þau sem lífeyrir umbjóðanda míns ákvarðast af og iðgjaldið er metið eftir“. Stjórn stefnda LSR tók mál hans fyrir 19. febrúar 2014, eftir að hafa leitað skýringa utanríkisráðuneytisins á iðgjaldaskilum hans. Í skýringum ráðuneytisins kom fram að iðgjaldaskil stefnanda væru miðuð við launaflokk starfsmanns í móttöku ráðuneytisins í Reykjavík sem sinnti einnig akstri og léttu viðhaldi innanhúss. Með bréfi 14. mars s.á. var stefnanda tilkynnt að stjórn stefnda féllist á að viðmið ráðuneytisins væri eðlilegt, sbr. 6. mgr. 23. gr. laga nr. 1/1997.

Að ábendingu umboðsmanns Alþingis óskaði stefnandi eftir endurupptöku málsins hjá stjórn LSR með erindi 5. mars 2015. Féllst stjórn sjóðsins á að endurupptaka

málið og fjallaði um það að nýju á fundi 3. júní s.á., eftir að hafa leitað umsagnar utanríkisráðuneytisins, kynnt stefnanda umsögnina og tekið á móti andmælum hans og frekari gögnum. Var stefnanda kynnt með bréfi 15. júní s.á. að stjórn sjóðsins teldi enn að viðmið utanríkisráðuneytisins við starfsmann í móttöku ráðuneytisins í Reykjavík væri eðlilegt viðmið sem iðgjöld skyldu greiðast af.

Stefnandi leitaði á ný til umboðsmanns Alþingis 7. apríl 2016. Með bréfi 3. maí s.á. óskaði umboðsmaður eftir öllum gögnum málsins frá stefnda LSR. Með bréfi 29. júlí s.á. beindi umboðsmaður fyrirspurn um málið til utanríkisráðuneytisins. Var óskað afstöðu ráðuneytisins til þess hvaða þýðingu það hefði að íslenska ríkið semdi við starfsmann um tiltekin launakjör, í samræmi við lögbundin lágmarksréttindi á vinnumarkaði þar sem starfið færi fram, fyrir það hvaða viðmiðunarlaun ráðuneytið teldi að leggja bæri til grundvallar lífeyrissjóðsiðgjöldum viðkomandi. Þá óskaði umboðsmaður eftir upplýsingum og gögnum um það hvernig laun stefnanda væru ákveðin og hvort þau tækju mið af tilteknum kjarasamningi í Danmörku. Utanríkisráðuneytið svaraði fyrirspurn umboðsmanns Alþingis með bréfi 10. nóvember s.á., en umboðsmaður lauk athugun sinni 28. desember s.á. þar sem stefnandi hafði þá ákveðið að bera réttarágreininginn undir dómstóla. Málið var þó ekki höfðað fyrir en í júní 2018, eins og fyrr sagði.

Við endurflutning málsins var upplýst að stefnandi hefði látið af störfum vegna aldurs 31. ágúst 2019 og hafið töku lífeyris.

II

Málsástæður stefnanda

Í stefnu eru málsatvik reifuð samhliða málsástæðum, en helstu málsástæður stefnanda eru eftirfarandi:

Stefnandi byggir á því að sú ákvörðun stjórnar stefnda LSR að miða fjárhæð iðgjalda hans í lífeyrissjóðinn við laun starfsmanns í móttöku utanríkisráðuneytisins í stað raunverulegra grunnlauna hans sem starfsmanns sendiráðs Íslands í Kaupmannahöfn, sé ólögmat. Starf hans verði ekki lagt að jöfnu við móttökustarf í ráðuneytinu og þá eigi, samkvæmt ráðningarsamningi, lífeyrissgreiðslur til hans að fara eftir almennum reglum, þ.e. reikna beri iðgjaldið af föstum launum stefnanda fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót samkvæmt III. kafla laga nr. 1/1997 um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Í lögum nr. 1/1997, eins og þeim var breytt með lögum nr. 43/2002, sé fjallað um viðmiðunarlaun sem iðgjöld skuli greidd af og miðað sé við til greiðslu lífeyris. Vísar stefnandi til 6. mgr. 23. gr. laganna og bendir á að í lögskýringargögnum, nánar tiltekið í athugasemdum við 2. gr. frumvarps sem varð að lögum nr. 43/2002, segi:

„Ákvæði 6. mgr. 23. gr. laganna var ætlað að koma í veg fyrir sjálfðæmi launagreiðanda við ákvörðun á lífeyrisréttindum starfsmanna í LSR. Stjórn LSR hefur, með stoð í ákvæðinu, metið það svo að henni beri skylda til að ákveða viðmiðunarlaun til greiðslu lífeyris þegar sjóðfélagar taka ekki laun samkvæmt samningum eða öðrum launaákvörðunum sem miðast við kjarasamninga opinberra starfsmanna, Kjaradóm, kjaranefnd eða kjarasamninga sem sveitarfélög gera á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Framangreinda framkvæmd stjórnar LSR við beitingu á ákvæði 6. mgr. 23. gr. má rekja til tilgangs löggjafans sem er að fela stjórn sjóðsins ákvörðun á viðmiðunarlaunum til greiðslu iðgjalda til að koma í veg fyrir sjálfðæmi launagreiðanda við ákvörðun á lífeyrisréttindum í sjóðnum. Kemur þetta skýrt fram í athugasemdum við ákvæði d-liðar 13. gr. í frumvarpi því er varð að lögum nr. 141/1996, en til þess ákvæðis má rekja 6. mgr. 23. gr. laga nr. 1/1997. Þessum tilgangi verður ekki náð nema að ákvæðinu sé beitt jafnt fyrir ákvörðun á viðmiðunarlaunum til greiðslu iðgjalda sem og við ákvörðun á viðmiðunarlaunum til greiðslu lífeyris úr sjóðnum.“

Í athugasemdum við d-lið 13. gr. í frumvarpi því er varð að lögum nr. 141/1996 segi m.a:

„Vitað er að sumir launagreiðendur sem fengið hafa heimild til að greiða iðgjald til sjóðsins fyrir starfsmenn sína greiða laun sem ekki eru í samræmi við laun ríkisstarfsmanna. Þessir launagreiðendur hafa nánast haft sjálfðæmi um það hvaða viðmiðunarlaun það eru sem iðgjald er greitt af, aðeins ef þau eru kölluð dagvinnulaun. Með þessu hefur skapast ákveðið misræmi, með því að nokkrir einstaklingar geta í krafti ráðningarsamninga öðlast lífeyrisrétt sem er í miklu ósamræmi við það sem almennt gerist hjá sjóðfélögum. Jafnframt getur með þessu skapast mikið misræmi milli innborgaðra iðgjalda hjá tilteknum sjóðfélaga og þess lífeyrisréttar sem hann ávinnur sér þar sem lífeyrisgreiðslur eru eingöngu miðaðar við síðasta starf viðkomandi.“

Stefnandi kveður að af framansögðu blasi við að tilgangurinn með 6. mgr. 23. gr. laga nr. 1/1997 hafi verið að koma í veg fyrir að launagreiðendur sem fengið hafi heimild til að greiða í LSR fyrir starfsmenn sína, sem ekki séu ríkisstarfsmenn, hafi sjálfðæmi um að ákveða viðmiðunarlaun þeirra jafnvel langtum hærra en almennt gerist hjá öðrum

lífeyrissjóðsfélögum og þeir öðlist þannig lífeyrisrétt úr sjóðnum sem sé hærri en og jafnvel í engum takti við það sem almennt gerist. Tilgangur lagaákvæðisins sé augljóslega ekki sá að ákveða viðmiðunarlaun sumra ríkisstarfsmanna, eins og stefnanda, langtum lægri en sem nemi dagvinnulaunum þeirra og með því koma í veg fyrir að stefnandi öðlist þau réttindi sem honum beri samkvæmt almennum reglum, þ.e. sem taki mið af raunverulegum grunnlaunum hans. Það sé bæði rangt og bersýnilega ósanngjarnt af hálfu stefndu að bera fyrir sig 6. mgr. 23. gr. og stríði gegn jafnræði sjóðfélaga LSR.

Í ráðningarsamningi stefnanda frá 1988 hafi komið fram að hann mætti gerast aðili að LSR og að iðgjöld hans til sjóðsins væru þau sömu og bifreiðastjóra utanríkisráðuneytisins. Með ráðningarsamningum frá 2010 hafi stefnandi verið ráðinn sem almennur starfsmaður og skyldi hann auk þeirra starfa sem nefnd séu í ráðningarsamningum vinna „skyld“ störf, bæði á skrifstofu sendiráðsins og í sendiherrabústaðnum. Samhliða almennum skrifstofustörfum hafi stefnandi meðal annars séð um endurbætur og viðhald á fasteignum sendiráðsins, en stefnandi sé iðnmenntaður múrari, sveinn í framreiðslu og með víðtæka starfsreynslu við trésmíðar.

Í starfslýsingu stefnanda frá 1. júlí 2013 komi fram að starfsheiti hans sé skrifstofumaður (d. administrativ assistent). Starfsskyldum hans sé síðan nánar lýst í 16 þáttum. Eins og þar komi fram sé starf í móttöku sendiráðsins aðeins hluti starfsskyldna. Stefnandi sinni jafnframt almennum störfum skrifstofumanns í stjórnslu. Hann hafi aðkomu að margvíslegum afgreiðslumálum (hinum stærri í samráði við yfirmann), annist „almenn og einföld“ viðhaldsverkefni, sjái um öflun tilboða í viðhaldsverkefni sendiráðsins og hafi á hendi umsjón og samskipti við verktaka. Þá taki hann þátt í undirbúningi funda og annarra viðburða í sendiráðinu, annist tæknimál, framreiðslu o.fl. Hann sjái um yfirsetu fjarprófa og skönnun prófurlausna. Þá sé stefnandi skipaður kjörstjóri vegna utankjörfundaratkvæðagreiðslna í sendiráðinu og annist útköll vegna útgáfu neyðarvegabréfa. Loks sjái stefnandi einnig um akstur sendiherra.

Sú fullyrðing utanríkisráðuneytisins að starfsmaður í móttöku þess „sinni mjög sambærilegum störfum“ og stefnandi (á helmingi lægri launum) fái með engu móti staðist. Að eðli, umfangi og ábyrgð verði starf stefnanda ekki lagt að jöfnu við almennt starf í móttöku, sem stefndu kjósi að hafa til viðmiðunar. Skorað sé á stefnda íslenska ríkið að leggja fram gögn um verkefni og starfsskyldur þess starfsmanns í móttöku ráðuneytisins sem lífeyrisgreiðslur stefnanda taki mið af. Jafnframt sé skorað á stefndu að upplýsa um grunnlaun þessa starfsmanns sem miðað sé við.

Í 3. mgr. 3. gr. ráðningarsamnings stefnanda sé samið um að lífeyrissjóðsgreiðslur fyrir hann skuli inna af hendi samkvæmt almennum reglum til stefnda LSR þar sem stefnandi sé sjóðfélagi. Í 1. mgr. komi fram að stefnandi fái greidd laun í dönskum krónum og í 12. gr. samningsins segi síðan að um hann gildi að öðru leyti ákvæði dönsku starfsmannalaganna og dönsku orlofslaganna. Almenna reglan sé sú að iðgjaldsgreiðslur til lífeyrissjóðsins miðist við ákveðið hlutfall af föstum launum viðkomandi sjóðfélaga fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót, sbr. 1. og 3. mgr. 23. gr. laga nr. 1/1997. Ákvæði 6. mgr. 23 gr. laganna eigi ekki við í tilviki stefnanda þar sem í gildi sé ráðningarsamningur um kjör hans. Með ráðningarkjörum stefnanda hafi stofnast eignarréttindi honum til handa sem vernduð séu af 72. gr. íslensku stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 og verði ekki skert eða afnumin með ákvörðun stefndu. Stefnda LSR beri því ótvíræð skylda til þess að miða lífeyrissjóðsiðgjöld við raunveruleg grunnlaun stefnanda sem starfsmanns sendiráðs Íslands í Kaupmannahöfn. Önnur niðurstaða fæli í sér brot gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar um jafnræði, vernd eignarréttinda og atvinnufrelsi.

Sú ákvörðun stefndu að ákveða stefnanda viðmiðunarlaun sem miðist við starf í móttöku og séu helmingi lægri en sem nemi grunnlaunum stefnanda sé ekki í samræmi við ráðningarsamning stefnanda og starfsskyldur hans samkvæmt honum. Stefndi íslenska ríkið hafi samið við stefnanda um tiltekin launakjör og skuldbundið sig til þess að tryggja honum með þeim lífeyrisréttindi í samræmi við lögbundin lágmarksréttindi á vinnumarkaði.

Í stefnu kemur fram að stefnandi hyggist búa áfram í Danmörku þegar hann kemst á eftirlaun, en þau muni ekki duga honum til framfærslu þar í landi miðað við núverandi fyrirkomulag. Við endurflutning málsins var tekið fram að byggt væri á þessu sem málsástæðu.

Þá sé sjálfstætt á því byggt af hálfu stefnanda að sú framkvæmd sem hafi verið viðhöfð við ákvörðun viðmiðunarlauna hans og iðgjaldagreiðslna sé bersýnilega ósanngjörn og andstæð góðri viðskiptavenju þannig að víkja beri henni til hliðar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Af því leiði að viðurkenna beri að lífeyrissjóðsiðgjöld stefnanda skuli miða við raunveruleg grunnlaun hans.

Stefnandi kveðst gera þá kröfu á hendur ríkinu að því verði gert að þola dóm um kröfur hans á hendur stefnda LSR, á grundvelli 18. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, þar sem íslenska ríkið vegna sendiráðs þess í Kaupmannahöfn, eigi

lögvarinna hagsmuna að gæta af niðurstöðu málsins, sem launa- og iðgjaldagreiðandi stefnanda.

Um helstu réttarreglur til stuðnings málsástæðum sínum vísar stefnandi til þess sem rakið hefur verið, auk þess sem hann vísar til reglna fjármunaréttar um loforð og skuldbindingargildi samninga. Þá sé byggt á stjórnslureglum um réttmætar væntingar málsaðila og lagasjónarmiðum um vandaða stjórnsluhætti, sem ætlað sé að tryggja réttaröryggi borgaranna í samskiptum þeirra við stjórnvöld. Enn fremur sé vísað til rannsóknarreglu 10. gr. og jafnræðisreglu 11. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

Til stuðnings viðurkenningarkröfu sinni vísar stefnandi til 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og um málskostnaðarkröfu til XXI. kafla sömu laga.

III

Málsástæður stefnda LSR

Í greinargerð stefnda LSR er málsatvikum lýst samhliða umfjöllun um málsástæður og lagarök, en hér verða helstu málsástæður hans raktar.

Stefndi bendir á að stefnandi sé starfsmaður íslenska sendiráðsins í Danmörku og séu launakjör hans ákvörðuð með öðrum hætti en almennt gerist hjá ríkisstarfsmönnum. Stefnandi fái þannig laun sem taki mið af aðstæðum í búsetulandi og séu launin greidd í mynt þess lands. Nú um stundir séu launin talsvert hærri en væri hann í sambærilegu starfi hér á landi í utanríkisráðuneytinu. Ágreiningur aðila snúi að því af hvaða launum stefnandi hafi heimild til að greiða iðgjöld til stefnda og ávinna sér lífeyrisréttindi þar, með ábyrgð íslenska ríkisins.

Stefndi tekur fram að til skýringar á málinu þygi honum nauðsynlegt að gera stuttlega grein fyrir uppbyggingu á réttindakerfi stefnda, B-deild LSR, sem sé gamalt eftirlaunakerfi ríkisstarfsmanna. Réttindakerfi stefnda sé byggt upp með þeim hætti að ríkissjóður sé í ábyrgð fyrir lífeyrisskuldbindingum sem séu umtalsvert hærri en verðmæti greiddra iðgjalda. B-deild hafi verið lokað fyrir nýjum launagreiðendum og sjóðfélögum í árslok 1996 með lögum nr. 141/1996, en með þeim lögum hafi miklar breytingar verið gerðar á lífeyrissjóðakerfi ríkisstarfsmanna. Lögin hafi síðan verið endurútgefin sem lög um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997.

Eftirlaunakerfi B-deildar sé fjármagnað að stórum hluta með gegnumstreymi þar sem iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðanda standi aðeins undir hluta af þeim réttindum sem kerfið veiti. Ríkissjóður sé í ábyrgð fyrir greiðslum úr deildinni, sbr. 32. gr. laga nr.

1/1997. Kerfið sé byggt upp með þeim hætti að lífeyrissjóðnum beri að greiða fyrstu greiðslu lífeyris en hins vegar beri launagreiðendur þær hækkanir sem verði á lífeyri, sbr. nánar 33. gr. laganna. Í ársreikningi stefnda fyrir árið 2017, bls. 36–44, sé ítarlega gerð grein fyrir skuldbindingum stefnda. Þar, á bls. 42, komi fram að bakábyrgð ríkisins sé áætluð 21,6% af skuldbindingum B-deildar og að lífeyrishækkanir sem launagreiðendur beri ábyrgð á sé áætluð 50,7% af skuldbindingunni. Ríkissjóður hafi greitt upp í skuldbindingar sínar umfram iðgjaldaskil en hefði ekki komið til aukagreiðslna frá ríkinu á undanförunum árum væru engar eignir í sjóðnum til að standa straum af greiddum lífeyri. Eins og ársreikningur stefnda beri með sér sé það ríkissjóður sem greiði stærstan hluta lífeyris úr B-deild LSR og sé í ábyrgð fyrir öllum greiðslum úr sjóðnum, sbr. 32. gr. laga nr. 1/1997.

Í 23. gr. laga nr. 1/1997 sé ákvæði um iðgjaldagreiðslur til B-deildar LSR. Þar komi fram að greiða beri iðgjald í sjóðinn af föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót. Í 6. mgr. 23. gr. sé ákvæði sem ætlað sé að setja takmörk á þær skuldbindingar sem unnt sé að fella á stefnda og þar með ríkissjóð, sbr. 32. gr. laganna. Ákvæðið hafi fyrst komið inn í lög um sjóðinn með 13. gr. laga nr. 141/1996 sem breytti eldri lögum um sjóðinn og varð 6. mgr. 23. gr. laga nr. 1/1997. Í greinargerð sem fylgdi frumvarpinu er varð að lögum nr. 141/1996 segi í athugasemdum um greinina:

„Í d-lið þessarar greinar er ákvæði sem er nýtt í lögum sjóðsins og verður það 6. mgr. þeirrar greinar sem verður 23. gr. laganna. Samkvæmt því skal stjórn lífeyrissjóðsins ákveða þau viðmiðunarlaun, sem iðgjöld sjóðfélaga í B-deild sjóðsins eru greidd af, ef sjóðfélagar taka ekki laun samkvæmt samningum eða launaákvörðunum sem miðast við kjarasamninga opinberra starfsmanna, Kjaradóm, kjaranefnd eða kjarasamninga sem sveitarfélög gera á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Viðmiðunarlaun þessi eiga að vera ákveðin með hliðsjón af launaákvörðunum sem gilda um ríkisstarfsmenn samkvæmt lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og lögum nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd.

Vitað er að sumir launagreiðendur sem fengið hafa heimild til að greiða iðgjald til sjóðsins fyrir starfsmenn sína greiða laun sem ekki eru í samræmi við laun ríkisstarfsmanna. Þessir launagreiðendur hafa nánast haft sjálfðæmi um það hvaða viðmiðunarlaun það eru sem iðgjald er greitt af, aðeins ef þau eru kölluð dagvinnulaun. Með þessu hefur skapast ákveðið misræmi, með því að nokkrir einstaklingar geta í krafti

ráðningarsamninga öðlast lífeyrisrétt sem er í miklu ósamræmi við það sem almennt gerist hjá sjóðfélögum. Jafnframt getur með þessu skapast mikið misræmi milli innborgaðra iðgjalda hjá tilteknum sjóðfélaga og þess lífeyrisréttar sem hann ávinnur sér þar sem lífeyrisgreiðslur eru eingöngu miðaðar við síðasta starf viðkomandi.“

Stefndi bendir á að í 1. ml. 2. mgr. 24. gr. laga nr. 1/1997 segi að þegar til lífeyristöku komi miðist lífeyrir við föst dagvinnulaun, persónuuppbót og orlofsuppbót samkvæmt kjarasamningum sem við starflok fylgi viðkomandi stöðu, sbr. þó 6. mgr. 23. gr. laganna. Þegar til lífeyristöku komi breytist lífeyrir til samræmis við meðalbreytingar sem verði á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sbr. 3. mgr. 24. gr. (meðaltalsregla), eða til samræmis við breytingar sem verði á launum sem á hverjum tíma séu greidd fyrir það starf sem þeir gegndu síðast, sbr. 35. gr. (eftirmannsregla). Í 2. mgr. 35. gr. laganna sé ákvæði sem taki á því ef laun fyrir viðmiðunarstarfið reynast ekki tæk til viðmiðunar á greiðslum lífeyris.

Af framangreindum ákvæðum sé ljóst að löggjafinn ætlist til þess að það séu ákveðin takmörk fyrir þeim skuldbindingum sem heimilt sé að leggja á ríkissjóð með greiðslum í stefnda, B-deild LSR.

Ráðningarsamningar stefnanda beri þess glögg merki að hann taki ekki laun samkvæmt kjarasamningum íslenskra ríkisstarfsmanna, en þrátt fyrir það hafi stefnanda verið veitt heimild til aðildar að stefnda. Af þessum sökum, og með vísan í fyrrgreind lagaákvæði, hafi borið að finna starfi stefnanda stað innan viðkomandi kjarasamnings sem tók til íslenskra ríkisstarfsmanna og hafi upphaflega verið miðað við starf bifreiðastjóra utanríkisráðuneytisins. Síðar hafi starf stefnanda breyst og taki iðgjaldaskil nú mið af launatöflu í kjarasamningi Félags starfsmanna Stjórnarráðsins, sem gildi um starfsmenn í Stjórnarráði Íslands sem ekki hafa háskólamenntun. Núverandi viðmiðun hafi verið fundin með hliðsjón af störfum í móttöku ráðuneytisins í Reykjavík, en slík störf muni að mati utanríkisráðuneytisins vera samanburðarhæf við starf stefnanda, svo sem móttaka, akstur og létt viðhald innanhúss. Vísar stefndi þar um til tölvupósts frá mannauðsstjóra utanríkisráðuneytisins, dags. 12. febrúar 2014, og fyrirbyggjandi starfslýsinga.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að laun stefnanda í máli þessu séu ákvörðuð með þeim hætti að stjórn stefnda beri að ákvarða viðmiðunarlaun, skv. 6. mgr. 23. gr. laga nr. 1/1997. Laun stefnanda séu ekki í því umhverfi sem gerð sé krafa um til að heimilt sé að greiða af þeim til stefnda. Lífeyrisskuldbindingar stefndu geti ekki verið

tengdar við launaþróun í erlendu ríki, í þessu tilviki Danmörku. Þá geti réttindaávinnsla og ábyrgð stefnda á lífeyrisskuldbindingum ekki verið háð gengisþróun erlendrar myntar (gengisáhætta). Fyrrgreind ákvæði laga nr. 1/1997 sýni það glögg að löggjafinn leggi ríka áherslu á það að fyrir liggi mörk um það hvaða skuldbindingar unnt sé að leggja á ríkissjóð Íslands með ávinnslu réttinda í stefnda.

Stefndi, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, B-deild, sé eftirlaunakerfi þar sem meðstefndi íslenska ríkið sé í ábyrgð fyrir greiðslum og sé nauðsynlegt að gæta að samræmi milli réttindaávinnslu sjóðfélaga. Því sé þeirri staðhæfingu stefnanda sérstaklega mótmælt að honum sé mismunað miðað við aðra starfsmenn ríkisins. Með því að setja lögbundnar skorður á iðgjaldaskilin og binda þau við launaumhverfi íslenskra starfsmanna sé samhliða gætt að jafnræði milli sjóðfélaga í réttindaávinnslu.

Sérstaklega sé mótmælt þeirri staðhæfingu stefnanda að stefnda hafi borið að miða lífeyrissjóðsiðgjöld við „raunveruleg grunnlaun stefnanda“ og að önnur niðurstaða fæli í sér brot gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar um jafnræði, vernd eignarréttinda og atvinnufrelsi. Ráðningarsamningar sem kveða á um laun sem ekki falla að lagaumhverfi því sem stefndi starfar samkvæmt geti ekki skapað lífeyrisréttindi í stefnda. Réttindaávinnsla í stefnda fari eftir settum lögum og samningar um laun sem ekki falla að þeim lagaákvæðum geti ekki myndað réttindi sem varin séu af 72. gr. stjórnarskrárinnar. Bendir stefndi í þessu sambandi á dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 517/2010.

Þá sé sérstaklega mótmælt þeirri málsástæðu stefnanda að það teljist bersýnilega ósanngjarn og andstætt góðri viðskiptavenju að stefndi ákvarði viðmiðunarlaun til greiðslu iðgjalda á grundvelli 6. mgr. 23. gr. laga nr. 1/1997. Réttindaávinnsla í stefnda fari eftir settum lögum um stefnda sem honum beri skylda til að tryggja að fylgt sé eftir í framkvæmd. Aðilar hafi ekki samningsfrelsi í þessum efnunum. Því sé mótmælt að sú framkvæmd sem hér um ræðir sé ógildanleg með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Með sömu rökum sé því mótmælt að unnt sé að ávinna sér aukin réttindi í stefnda umfram það sem lög kveða á um, með vísan í reglur „fjármunaréttar um loforð og skuldbindingargildi samninga“.

Loks tekur stefndi fram að stefnandi beri sönnunarbyrði fyrir fullyrðingum sínum og að hann mótmæli öllum kröfum og málsástæðum stefnanda.

Um lagarök kveðst stefndi vísa til ákvæða laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sérstaklega 23. gr., 24. gr., 32. gr. og 33. gr. laganna, en auk þess

sé vísað til samþykktar stefnda, 2. mgr. 24. gr. og 2. mgr. 77. gr. [liggja þær fyrir?]. Varðandi málskostnaðarkröfu sé vísað til 1. mgr. 130. gr., sbr. 4. mgr. 129. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Stefndi sé ekki virðisaukaskattsskyldur aðili og krafa um greiðslu er jafngildi virðisaukaskattsgreiðslu af málflutningsþóknun byggist á lögum nr. 50/1988.

IV

Málsástæður stefnda, íslenska ríkisins

Stefndi, íslenska ríkið, bendir á að í 6. mgr. 23. gr. laga nr. 1/1997 sé sérstakt ákvæði sem eigi við um aðstöðu stefnanda, en stjórn meðstefnda lífeyrissjóðsins beri að ákveða þau viðmiðunarlaun sem iðgjöld eru greidd af í því tilviki. Miða verði við að ágreiningur um iðgjöld snúi að meðstefnda og beri því að sýkna stefnda, íslenska ríkið, sökum aðildarskorts, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Kröfu stefnanda um ógildingu á ákvörðun meðstefnda og viðurkenningu á að iðgjöld skuli miða við „raunveruleg grunnlaun hans“ sé ekki beint að stefnda, íslenska ríkinu. Á hinn bóginn geri stefnandi kröfur um að sá stefndi þoli dóm um kröfur gagnvart meðstefnda. Þrátt fyrir þetta sé uppi aðildarskortur stefnda, íslenska ríkisins, en meðstefndi eigi, samkvæmt lögum nr. 1/1997, úrlausn um hver iðgjöld beri að innheimta eftir lögunum. Vafasamt sé á hinn bóginn hvort sakarefni málsins varði beinlínis ábyrgð ríkissjóðs á lífeyrisgreiðslum á þann hátt sem mælt sé fyrir um í lögunum.

Verði ekki fallist á að sýkna beri sökum aðildarskorts kveðst stefndi taka undir málatilbúnað meðstefnda, Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, og þau rök sem fram komi í bréfi utanríkisráðuneytisins frá 10. nóvember 2010 og öðrum gögnum sem meðstefndi hafi lagt fram, meðal annars um samanburð starfa.

Stefndi vísar til greinargerðar meðstefnda um uppbyggingu sjóðsins og eftirlaunakerfi B-deildar. Kveðið sé á um iðgjaldagreiðslur í þá deild í 23. gr. laga nr. 1/1997. Beri að greiða iðgjöld í sjóðinn af föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppþót og orlofsuppþót. Í 6. mgr. 23. gr. laganna sé kveðið sérstaklega á um takmörk á skuldbindingar sem unnt sé að leggja á sjóðinn, eins og ráðið verði af lögskýringargögnum.

Þá tekur stefndi fram að ekki sé unnt að fallast á þann skilning stefnanda að 6. mgr. 23. gr. laga nr. 1/1997 eigi ekki við í tilviki stefnanda þar sem ráðningarsamningur sé í gildi um starf hans. Ákvæðið eigi við þegar slíkur samningur eða launaákvörðun

vísar ekki til eða miðast [ekki] við kjarasamninga opinberra starfsmanna eða annan grundvöll launaákvæðana, svo sem kjararáðs eða sérákvæðis í lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Ráðningarsamningar stefnanda sýni að hann taki ekki laun samkvæmt kjarasamningum íslenskra ríkisstarfsmanna, þótt hann hafi heimild til aðildar að meðstefnda. Meðstefnda hafi því verið skylt að lögum að finna starfi stefnanda stað innan viðkomandi kjarasamnings sem tók til íslenskra ríkisstarfsmanna og hafi í upphafi verið miðað við starf bifreiðastjóra utanríkisráðuneytisins. Eftir að starf stefnanda breyttist taki iðgjöld hans mið af launatöflu í kjarasamningi Félags starfsmanna Stjórnarráðsins sem ekki hafa háskólamenntun. Hafi verið tekið mið af starfi í móttöku ráðuneytisins í Reykjavík og hafi utanríkisráðuneytið metið það í öllum meginatriðum sambærilegt starfi stefnanda. Sinni sá starfsmaður sem miðað sé við móttöku, akstri og léttu viðhaldi innanhúss auk annars, svo sem nánar komi fram í gögnum málsins og upplýsingum frá mannauðsstjóra ráðuneytisins. Stefndi taki undir þær málsástæður meðstefnda sem að þessu snúi og framlögð gögn af hans hálfu. Stefndi telji ósannað að starf stefnanda í sendiráðinu sé ólíkt eða umfangsmeira. Sé því mótmælt að starf stefnanda feli í sér annað en það sem utanríkisráðuneytið hafi skilgreint og skýrt. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á aðra nærtækari viðmiðun, þótt aðstæður séu þær að ákvæði 6. mgr. 23. gr. eigi sannarlega við.

Af gögnum málsins sé einsýnt að bæði meðstefndi og ráðuneytið hafi rannsakað málið gaumgæfilega með tilliti til þess hver væri eðlileg viðmiðun í ljósi 6. mgr. 23. gr. laga nr. 1/1997. Samkvæmt ákvæðinu hafi stjórn meðstefnda verið skylt að ráða fram úr og ákvarða hvað miða ætti við. Tekið sé undir með meðstefnda að lífeyrisskuldbindingar geti ekki verið tengdar við launaþróun í erlendu ríki. Að sama skapi geti réttindaávinnsla og ábyrgð ekki verið tengd gengisþróun erlendrar myntar. Stefndi hafni því einnig að unnt sé að byggja á þeirri forsendu stefnanda að hann ætli að setjast að í Danmörku eftir starfslok.

Stefndi hafnar því að niðurstaða meðstefnda á grundvelli ákvæðis laganna feli í sér mismunun, andstæða jafnræðisreglu, að hún sé andstæð 72. gr. stjórnarskrár um vernd eignarréttar eða feli í sér brot á atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar. Þá sé því hafnað að 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga eigi við, enda fari um iðgjaldagreiðslur eftir lögum en ekki löggerningi eða samningi. Allt að einu geti

ekki staðist að ákvörðun meðstefnda sé ósanngjörn í skilningi 36. gr. eða að skilyrði séu til að víkja ákvörðun meðstefnda til hliðar eða fallast á viðurkenningarkröfu stefnanda.

Til stuðnings kröfum stefnda um málskostnað vísist í öllum tilvikum til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

V

Niðurstaða

Í máli þessu er deilt um lögmati ákvörðunar stjórnar LSR um viðmiðunarlaun sem iðgjöld stefnanda í B-deild lífeyrissjóðsins eru greidd af. Eins og fram er komið var ákvörðun stjórnar sjóðsins tekin á grundvelli 6. mgr. 23. gr. laga nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, fyrst 7. mars 2014 eftir að stefnandi hafði með bréfi, dags. 9. desember 2013, farið fram á ákvörðun viðmiðunarlauna, og aftur 15. júní 2015, þar sem fyrri ákvörðun var staðfest í kjölfar beiðni stefnanda um endurupptöku málsins.

Stefnandi krefst þess að ákvörðun stjórnar sjóðsins um viðmiðunarlaun verði ógilt og jafnframt að viðurkennt verði með dómi að við ákvörðun lífeyrissjóðsiðgjalda stefnanda beri að miða við „raunveruleg grunnlaun“ hans sem starfsmanns sendiráðs Íslands í Kaupmannahöfn. Við fyrri aðalmeðferð reifuðu aðilar það að boði dómara hvort síðari dómkrafa stefnanda á hendur stefnda LSR, viðurkenningarkrafa merkt B, kynni að vera haldin annmarka sem varða ætti frávísun hennar án kröfu. Helgaðist það af því að dómari taldi óljóst hvort stefnandi byggði á því að umþrætt ákvörðun sem krafa um ógildingu lýtur að væri matskennd stjórnvaldsákvörðun sem stefnda LSR hefði að lögum verið falið að taka, enda þótt lífeyrissjóðurinn teldist ekki stjórnvald. Við fyrri aðalmeðferð taldi dómari það hafa skýrst nægilega að stefnandi byggði ekki sérstaklega á því að um stjórnvaldsákvörðun sé að ræða sem sjóðnum hafi að lögum verið falið vald til að taka. Að því gættu þóttu ekki efni til frávísunar án kröfu og er það enn mat dómsins að ekki séu alveg næg efni til þess að vísa dómkröfu B frá dómi, án kröfu. Af þessu taldi dómari einnig leiða að hafna yrði málsástæðum stefnanda sem byggðar væru á því að brotið hefði verið gegn ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993 við málsmeðferð stefnda LSR.

Við síðari aðalmeðferð málsins leiðrétti lögmaður stefnanda þetta og kvaðst byggja á því að um stjórnvaldsákvörðun hefði verið að ræða er stjórn LSR tók hina umdeildu ákvörðun, en á því væri byggt í stefnu að stjórnsýslulög hefðu verið brotin við ákvörðunina. Þessu til stuðnings var vísað til bls. 136 í riti dr. Páls Hreinssonar,

Stjórnsýsluréttur, málsmeðferð, þar sem fram kemur að ákvörðun Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins um lífeyrisréttindi hins opinbera teljist ákvörðun um slík grundvallarréttindi að hún hafi verið talin stjórnvaldsákvörðun, en því til stuðnings er þar vísað til þriggja álita umboðsmanns Alþingis, UA 2411/1998, UA 2517/1998 og 2938/2000. Þessu mótmæltu stefndu, og vísuðu í því efni til dóma Hæstaréttar Íslands í máli nr. 352/2012 og nr. 286/2007.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 352/2012 var því slegið föstu að stjórnsýslulög nr. 37/1993 giltu ekki um ákvarðanir stjórnar stefnda LSR sem teknar væru á grundvelli laga nr. 1/1997. Verður því að hafna málsástæðum stefnanda um að brotið hafi verið í bága við stjórnsýslulög við ákvörðun stefnda LSR. Aftur á móti ber stjórn stefnda að gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti við ákvarðanir sínar, með vísan til 65. gr. stjórnarskrárinnar og grunnraka laga nr. 1/1997 og laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, eins og segir í dómi héraðsdóms sem staðfestur var að þessu leyti með vísan til forsendna. Jafnframt þurfa ákvarðanir stjórnar stefnda að styðjast við málefnaleg rök, eins og ráðið verður af forsendum réttarins.

Samkvæmt 1. og 3. mgr. 23. gr. laga nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins greiða sjóðfélagar 4% af föstum launum sínum fyrir dagvinnu, persónuuppþót og orlofsuppþót í iðgjald til sjóðsins, en launagreiðendur greiða 8%.

Í 6. mgr. sömu lagagreinar, með síðari breytingum, er þó kveðið á um að „taki sjóðfélagi ekki laun samkvæmt samningum eða öðrum launaákvörðunum sem miðast við kjarasamninga opinberra starfsmanna, ákvarðanir kjararáðs, ákvarðanir skv. 39. gr. a laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eða kjarasamninga sem sveitarfélög gera á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna skal stjórn sjóðsins ákveða þau viðmiðunarlaun sem iðgjöld eru greidd af og miðað er við til greiðslu lífeyris og skulu þau ákveðin með hliðsjón af launaákvörðunum sem gilda um ríkisstarfsmenn eða starfsmenn sveitarfélaga samkvæmt lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og lögum um kjararáð“.

Ákvæði 6. mgr. var fyrst tekið í lög með d-lið 13. gr. laga nr. 141/1996 um breytingu á lögum nr. 29/1963 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, en þau lög voru síðan endurútgefin sem lög nr. 1/1997. Í athugasemdum með 13. gr. frumvarpsins sagði svo um ástæðu þessa nýmælis: „Vitað er að sumir launagreiðendur sem fengið hafa heimild til að greiða iðgjald til sjóðsins fyrir starfsmenn sína greiða laun sem ekki eru í samræmi við laun ríkisstarfsmanna. Þessir launagreiðendur hafa nánast haft sjálfðæmi

um það hvaða viðmiðunarlaun það eru sem iðgjald er greitt af, aðeins ef þau eru kölluð dagvinnulaun. Með þessu hefur skapast ákveðið misræmi, með því að nokkrir einstaklingar geta í krafti ráðningarsamninga öðlast lífeyrisrétt sem er í miklu ósamræmi við það sem almennt gerist hjá sjóðfélögum. Jafnframt getur með þessu skapast mikið misræmi milli innborgaðra iðgjalda hjá tilteknum sjóðfélaga og þess lífeyrisréttar sem hann ávinnur sér þar sem lífeyrisgreiðslur eru eingöngu miðaðar við síðasta starf viðkomandi.“

Sambærileg ummæli voru endurtekin í greinargerð með lögum nr. 43/2002 er breyting var gerð á orðalagi 6. mgr. til að festa í sessi tiltekna framkvæmd stjórnar LSR. Var þar tekið fram að umrædda framkvæmd mætti rekja til „tilgangs löggjafans sem er að fela stjórn sjóðsins ákvörðun á viðmiðunarlaunum til greiðslu iðgjalda til að koma í veg fyrir sjálfðæmi launagreiðanda við ákvörðun á lífeyrisréttindum í sjóðnum“ og að þessum tilgangi yrði „ekki náð nema að ákvæðinu sé beitt jafnt fyrir ákvörðun á viðmiðunarlaunum til greiðslu iðgjalda sem og við ákvörðun á viðmiðunarlaunum til greiðslu lífeyris úr sjóðnum“.

Eins og málið liggur fyrir verður ekki séð að laun stefnanda, sem ákveðin eru og greidd í dönskum krónum, miðist við þá innlendu kjarasamninga eða kjaraákvæðanir sem greinir í ákvæði 6. mgr. 23. gr. laga nr. 1/1997. Hefur stefnandi ekki mótmælt því sérstaklega, sem stefndu staðhæfa, að laun hans séu ákveðin og taki breytingum miðað við launapróun í Danmörku, en ekki á Íslandi. Virðist þetta óumdeilt.

Stefnandi byggir engu að síður á því að ákvæði 6. mgr. 23. gr. eigi ekki við þar sem launagreiðandi sé íslenska ríkið. Að því leyti sé málið ólíkt málsatvikum í dómi Hæstaréttar frá 10. mars 2011 í máli nr. 517/2010 sem stefndu vísa til. Þá byggir hann á því að ákvæðið beri að skýra þröngt, enda sé um undantekningarreglu að ræða. Báðum þessum málsástæðum verður að hafna. Ákvæði 6. mgr. felur vissulega í sér sérreglu um þær aðstæður sem þar er fjallað um, en ekkert í orðalagi ákvæðisins eða lögskýringargögnum bendir til þess að skýra beri það þröngt eða að gildissvið þess takmarkist við aðra en starfsmenn íslenska ríkisins.

Samkvæmt framanrituðu verður lagt til grundvallar að aðstæður séu slíkar að stjórn stefnda LSR hafi borið skylda til að taka ákvörðun um viðmiðunarlaun sem iðgjaldagreiðslur stefnanda skyldu miðast við, eins og mælt er fyrir um í 6. mgr. 23. gr. laganna. Þá verður að hafna þeirri málsástæðu að skilja beri tilvísun í gildandi ráðningarsamningi aðila til „almennra reglna“ svo að um iðgjöld skuli fara samkvæmt 1.

og 3. mgr. sömu lagagreinar, en ekki 6. mgr. hennar, og að stjórn sjóðsins hafi verið óheimilt að taka ákvörðun um viðmiðunarlaun. Verður ekki séð að það sé á forræði aðila að semja sig frá ákvæði 6. mgr. 23. gr. þegar þær aðstæður eru uppi sem þar er kveðið á um.

Stefnandi byggir á því að það stríði gegn jafnræði sjóðfélaga LSR að sjóðurinn beri fyrir sig 6. mgr. 23. gr. laganna. Úr sambærilegri málsástæðu var leyst í dómi Hæstaréttar í máli nr. 517/2010, þar sem henni var hafnað og talið að ákvörðun sjóðsins á grundvelli þeirrar heimildar stuðlaði að jafnræði sjóðfélaga. Með hliðsjón af þeim dómi, sem telja má hafa fordæmisgildi við úrlausn máls þessa, og með vísan til þess sem rakið hefur verið úr lögskýringargögnum um tilgang löggjafans með 6. mgr. 23. gr. laganna, verður framangreindri málsástæðu hafnað.

Þá byggir stefnandi á því að með „ráðningarkjörum“ hans hafi stofnast eignarréttindi honum til handa sem njóti verndar samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar. Úr svipaðri málsástæðu var leyst í fyrrnefndum dómi Hæstaréttar í máli nr. 517/2010, þar sem málsatvik voru þó ólík að því leyti að þar höfðu ofgreidd iðgjöld verið endurgreidd, en í máli þessu hafa iðgjaldagreiðslur vegna stefnanda aldrei tekið mið af fullum launum hans. Tók rétturinn fram að greiðsla iðgjalda sem ekki samrýmdist ákvæðum III. kafla laga nr. 1/1997 gæti ekki skapað lífeyrisréttindi og því hefðu ekki myndast nein þau réttindi sem varin væru af 72. gr. stjórnarskrárinnar. Því síður hafa myndast slík réttindi stefnanda í þessu máli, eins og málsatvikum er háttað. Verður þessari málsástæðu einnig hafnað.

Stefnandi byggir kröfur sínar enn fremur á því að starf starfsmanns í móttöku utanríkisráðuneytisins sé svo ósambærilegt starfi hans í sendiráðinu að laun fyrir það starf geti ekki talist tæk sem viðmiðunarlaun fyrir starf hans. Stefndi LSR hefur lagt fram samanburð mannauðsstjóra utanríkisráðuneytisins á starfi stefnanda við störf móttökustarfsmanna í utanríkisráðuneytinu, auk starfslýsinga. Stefnandi hefur fyrir dómi lagt áherslu á átta þætti sem hann kveður starf sitt og starf móttökuritara ekki eiga sameiginlega, en hefur ekki sýnt fram á að önnur störf séu nærtækari til samanburðar. Verður ekki séð að ákvörðun stjórnar stefnda LSR um viðmiðunarlaun hans, sem studdist við upplýsingar og umsögn sem aflað var frá utanríkisráðuneytinu, sé augljóslega röng, ófullnægjandi eða ómálefnaleg.

Loks byggir stefnandi „sjálfstætt“ á því að „framkvæmd“ við ákvörðun viðmiðunarlauna hans og iðgjaldagreiðslna sé bersýnilega ósanngjörn og andstæð góðri

viðskiptavenju, þannig að víkja beri henni til hliðar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Ákvæði 36. gr. tekur til samninga og annarra löggerninga, en eins og stefndi bendir snýst málið um ákvörðun sem stefnda LSR er falið að lögum að taka. Slíkri ákvörðun verður ekki vikið til hliðar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936.

Stefnandi byggir á því að eftirlaun hans muni ekki duga honum til framfærslu í Danmörku miðað við núverandi fyrirkomulag en þar í landi hyggist hann búa áfram. Vegna þeirrar málsástæðu skal tekið fram að ekki verður annað séð en að stefnandi hafi haft val um það hvort hann gerðist aðili að stefnda LSR og beindi lífeyrissjóðsiðgjöldum þangað, fremur en í danskan lífeyrissjóð.

Samkvæmt öllu framanrituðu, og þar sem öllum málsástæðum stefnanda hefur verið hafnað, ber að sýkna stefnda LSR af báðum dómkröfum stefnanda, merktum A og B.

Á hendur íslenska ríkinu gerir stefnandi þá dómkröfu eina að það þoli dóm um kröfur stefnanda á hendur stefnda LSR í málinu. Af framangreindri niðurstöðu um sýknu stefnda LSR leiðir þá þegar að einnig ber að sýkna stefnda íslenska ríkið af dómkröfu stefnanda. Gerist þá ekki þörf á því að taka sérstaklega afstöðu til málsástæðu íslenska ríkisins um aðildarskort.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður milli aðila falli niður, sbr. 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991. Stefnandi hefur gjafsókn í málinu samkvæmt gjafsóknarleyfi, útgefnu 18. september 2018. Úr ríkissjóði greiðist allur málskostnaður gjafsóknarhafa, þ.m.t. gjafsóknarþóknun lögmanns stefnanda, Helga Birgissonar, sem þykir hæfilega ákveðin eins og í dómsorði greinir og er þóknun lögmannsins ákveðin án virðisaukaskatts, í samræmi við dómvenju.

Hildur Briem héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, B-deild, og íslenska ríkið, eru sýknaðir af öllum dómkröfum stefnanda, Viðars Birgissonar, í máli þessu.

Málskostnaður milli aðila fellur niður.

Gjafsóknarþóknun lögmanns stefnanda, Helga Birgissonar, 1.500.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Hildur Briem